

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr. 157 4. september 1953.

1. gr.

7. töluliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Strax, þegar kýrin hefur verið mjólkuð, skal flytja mjólkina úr fjósinu og kæla hana á fullnægjandi hátt, og skal þess gætt, að hún hitni ekki á ný, áður en hún er afhent til flutnings. Enn fremur skal gæta þess, að mjólkinn frjósi ekki, og ekki má kæla hana eða geyma þar, sem sól getur skinið á hana.

2. gr.

8. töluliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á meðan mjólkinn er flutt skal hún varin sólskini. Einnig skal hún varin frosti eftir því sem við verður komið. Á flutningatækjum, sem mjólk, mjólkurvörur eða mjólkurilát er flutt á, má ekki flytja aðrar vörur samtímis, nema smávarning, og þó því aðeins, að hann geti ekki valdið óhreinindum á vörunum eða mjólkurilátunum.

3. gr.

2. töluliður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Mjólk, sem er í 3. eða 4. flokki eða líkur eru til, að sé í þeim flokkum, má ekki selja sem neytlumjólk, hvorki gerilsneydda eða ógerilsneydda.

4. gr.

5. töluliður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Mjólk, sem ætluð er til gerilsneyðingar og sölu sem neytlumjólk, skal ekki vera meira en $1\frac{1}{2}$ sólarhrings gömul, þegar hún berst til mjólkurbús og er gerilsneydd þar — eða kæld, ef flytja á hana í annað mjólkurbú til gerilsneyðingar. Sé um hið síðara að ræða, skal hún gerilsneydd ekki síðar en 24 klukkustundum eftir móttöku á fyrra mjólkurbúinu, enda sé geymslu og flutningi hagað þannig, að hitastig mjólkurinnar haldist innan markanna 10—1 stig C.

Víkja má frá þessum ákvæðum um hámarkstíma, ef sérstaklega stendur á, svo sem vegna flutningaerfiðleika á vetrum, enda sé ákvæðum 2. töluliðs þessarar gr. fullnægt engu að síður.

Mjólk, sem húið er að gerilsneyða, má ekki gerilsneyða aftur.

5. gr.

Í stað „10—1 stig C“ í 6. tölulið 3. gr. reglugerðarinnar, komi: 8—1 stig C.

6. gr.

7. töluliður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru í flöskum eða öðrum lokuðum umbúðum, skulu greinilega auðkenndar með heiti vörunnar. Einnig skal tilgreina, ef um gerilsneydda mjólk, rjóma eða undanrennu er að ræða, hvaða dag sala er heimil í síðasta lagi. Ef það er rjómi, skal einnig tilgreina, hve mikið er í honum af fitu. Mjólkurvörur, sem seldar eru í dósnum, skulu auðkenndar með heiti vörunnar. Ef það er seydd mjólk, skal einnig tilgreina, hve miklu af vatni þarf að blanda í innihald dósarinnar, til þess að það samsvari nýmjólk. Þess skal getið á umbúðum, ef mjólkin er sykrud.

7. gr.

1. töluliður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Mjólk og mjólkurvörum skal haldið vel köldum, þar til sala fer fram, eða innan markanna 8—1 stig C. Í mjólkurbúðum skal vera kæliútbúnaður til þess að geyma a. m. k. áætlað eins dags sölumagn mjólkur og mjólkurvöru.

8. gr.

2. töluliður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ógerilsneydd mjólk má ekki vera eldri en 18 klukkustunda, þegar hún er seld, og gerilsneydda mjólk má ekki selja síðar en á 2. degi eftir gerilsneyðingu. Þó getur heilbrigðisnefnd leyft að selja gerilsneydda mjólk, þótt lengri tími hafi liðið frá gerilsneyðinu, er sérstaklega stendur á, svo sem á 1. degi eftir stórhátíðir.

9. gr.

4. töluliður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Mjólk má ekki afgreiða í lausu máli, nema með sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar. Aldrei má þó leyfa að selja bæði gerilsneydda og ógerilsneydda mjólk í lausu máli í sömu búð.

10. gr.

5. töluliður 4. gr. reglugerðarinnar falli niður og 6. töluliður verði því 5. töluliður, 7. verði 6., 8. verði 7. og 9. verði 8.

11. gr.

9. töluliður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heilbrigðisnefnd gefur út nánari reglur um stærð og merkingu umbúða um mjólk og mjólkurvörur og getur leyft að selja gerilsneydda mjólk í lokuðum ílátum í öðrum búðum en mjólkurbúðum, ef skilyrði eru til kælingar samkvæmt ákvæðum 1. töluliðs þessarar greinar.

12. gr.

Í stað orðisins „kölkuð“ í 1. tölulið 5. gr. reglugerðarinnar, komi: máluð. Orðin „kölkuð eða“ í 2. tölulið og „kalka eða“ í 3. tölulið sömu greinar reglugerðarinnar, falli brott.

13. gr.

Á eftir orðinu „flöskum“ í 14. tölulið 8. gr. reglugerðarinnar, komi: eða í öðrum lokuðum umbúðum.

14. gr.

Í stað „10000“ í 15. tölulið 8. gr. reglugerðarinnar komi: 50000.

15. gr.

3. töluliður 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra skipar eftirlitsmann heilbrigðisstjórninni til aðstoðar við framkvæmd eftirlitsins. Skal til þess valinn sérmenntaður maður, svo sem dýralæknir, mjólkurfræðikandidat eða landbúnaðarkandidat. Heilbrigðisstjórnin setur eftirlitsmanninn um fyrirmæli um störf hans í erindisbréfi.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1963.

Jóhann Hafstein.

Elias I. Eliasson.

Nr. 248.

SKRÁ

um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaðinu 1963.

Akrafell hf., Akranesi.
 Alúmín hf., Reykjavík.
 Alumíníum og blikksmiðjan hf., Reykjavík.
 Andvari hf., Reykjavík.
 Armur hf., Reykjavík.
 Ás hf., Húsavík.
 Ásfell hf., Reykjavík.
 Áspór hf., Eyrarbakka, Árnessýslu.
 Austfjarðaleið hf., Reyðarfirði.
 Austurleið hf., Hvolsvelli.
 Bergur hf., Vestmannaeyjum.
 Bergur Lárusson hf., Reykjavík.
 Bifreiðaleigan Ekill hf., Reykjavík.
 Bifreiðaverkstæðið Vísir hf., Akranesi.
 Bílamiðstöðin hf., Akranesi.
 Björg hf., Dalvík.
 Blikk og stál hf., Reykjavík.
 Boði hf., Mosfellssveit.
 Brauð hf., Reykjavík.
 Brú hf., Vestmannaeyjum.
 Brynjólfur hf., Keflavík.
 Búðaós hf., Tjaldbúðir, Staðarsveit.
 Bústaðabúðin hf., Reykjavík.
 Bygging hf., Vestmannaeyjum.
 Byggingarfélagið Steinverk hf., Reykjavík.
 Dímon hf., Höfnum.
 Drangar hf., Reykjavík.
 Dvergasteinn hf., Seyðisfirði.
 Ester hf., Reykjavík.